Forseti, ágætu bæjarfulltrúar

Frístundaráð er umfangsmikið ráð og því af mörgu að taka. En byrjum á byrjuninni

Samkvæmt samþykkt eru verkefni ráðsins;

1. Að fjalla um jafnréttismál og önnur mannréttindamál, fjölskyldumál, tómstundamál, íþróttamál og forvarnamál í umboði bæjarstjórnar Akureyrar eftir því sem nánar segir í samþykkt sem gerð er í samræmi við Samþykkt um stjórn og fundarsköp Akureyrarkaupstaðar.

Helstu verkefni ráðsins eru.

1. Jafnréttismál í bæjarfélaginu skv. 12 gr. laga nr. 10/2008
2. Eftirlit með framkvæmd laga um ávana- og fíkniefni
3. Rekstur og starfsemi íþrótta-, félags- og tómstundamiðstöðva á vegum bæjarins og samskipti bæjarins við félög sem starfa á þessu sviði og njóta m.a. styrkja frá frístundaráði,
4. Að stuðla að öflugu frístunda- og íþróttastarfi á Akureyri og hafa um það samstarf við aðila sem starfa á því sviði,
5. Forgangsröðun og tillögur að staðarvali og uppbyggingu nýrra mannvirkja fyrir þá málaflokka sem heyra undir ráðið,
6. Stuðla að góðu upplýsingaflæði, ásamt hluteigandi aðilum, um frístundamál og þá heilsueflandiþjónustu sem stendur bæjarbúum til boða,
7. Eftirfylgni með stefnum sem heyra undir frístundaráð,

Með mér í ráðinu situr hópur af góðu fólki en það eru þau Óskar Ingi Sigurðsson, Arnar Þór Jóhannesson, Þórunn Sif Harðardóttir og Jónas Björgvin Sigurbergsson, auk Ölfu Drafnar Jóhannesdóttur sem situr sem áheyrnarfulltrúi.
Sviðstjóri er Kristinn Reimarsson og deildarstjórar eru Alfa Aradóttir á forvarna- og frístundadeild og Ellert Örn Erlingsson á íþróttadeild.

Í starfsáætlun ráðsins fyrir árið 2017 voru fjölmörg verkefni og náðist að framkvæma mörg þeirra en því miður ekki öll. Sem dæmi má nefna:

- Frístundaávísun hækkuð
- Endurnýjaður var snjótroðari í Hlíðarfjalli
- Teknar voru í notkun þrjár nýjar rennibrautir, nýr pottur í Sundlaug Akureyrar. Framkvæmdir þar munu klárast nú á vormánuðum.
- Skrifstofu- og félagsaðstaða á 2. hæð Íþróttahallarinnar. Þar eru nú ÍBA, SKÍ, ÍSÍ og Akureyri handboltafélag með sínar skrifstofur.
- Ný stólalyfta í Hlíðarfjalli. Hún er komin á svæðið og verður sett upp á þessu ári.
- Bætt búningsaðstaða fyrir fatlaða í Sundlaug Akureyrar
- Framkvæmdir á félagssvæði Nökkva. Framkvæmdir hófust á síðasta ári og fara aftur á fullt á þessu ári.
- Endurbætur voru gerðar á fimleikagryfju í Íþróttamiðstöð Giljaskóla
- Styrkt voru forvarnarverkefni (dagatal, myndbönd) og aukið var við stöðugildi í félagsmiðstöðvunum til að leggja enn meiri áherslu á forvarnarþáttinn í starfi við börnum og ungmennum
- Launaúttekt/launagreining (í skoðun)
- Nýr samningur var gerður við ÍBA
- Unnið var við gerð nýrrar íþróttastefnu og var hún samþykkt í bæjarstjórn þann 6. febrúar sl.

Þessi listi er ekki tæmandi.

**Ungmennaráð og öldungaráð**
Í dag er starfandi ungmennaráð. Þar sitja gríðalega flottir einstaklingar sem eru ráðinu til sóma. Og eins og rætt var hér áðan og samþykkt þá mun ungmennaráðið fá að tilnefna áheyrnarfulltrúa sem sitja munu fundi frístundaráðs og fræðsluráðs. Þetta tel ég vera mjög jákvætt og í anda barnasáttmálans.

Samstarf við félag eldri borgara hefur gengið mjög vel og í lok árs var skrifað undir nýjan 3ja ára samning við félagið. Samningurinn miðar að því að tryggja eldri borgurum á Akureyri aðgang að eins góðu félags- og tómstundastarfi og kostur er. Markmiðið er að tryggja og viðhalda andlegri, félagslegri og líkamlegri færni þeirra til að njóta efri áranna eftir vilja og getu hvers og eins. EBAK mun koma að skipulagningu tómstundastarfseminnar með Akureyrarbæ í þeim tilgangi að efla starfsemina eftir þörfum og virkja áhuga og frumkvæði eldri borgara til ánægjulegrar samveru í félagsmiðstöðvunum.

Öldungaráð er einnig starfandi en mætti virkja það enn betur

**Forvarnir og frístundir**
Á síðasta ári var lögð áhersla á að bæta þjónustu við 16-18 ára ungmenni sem þurfa á þjónustu að halda og taka skref á áttina að samfelldari þjónustu við börn.
Í dag erum við að gera marga spennandi hluti fyrir þennan aldurshóp bæði í samstarfi við stofnanir, innan kerfis sem og ríkisstofnanir.
Búið er að formgera þetta samstarf með undirritun samnings í október sl. Verkefnið gengur undir heitinu Virkið og því er ætlað að vera vettvangur um samstarf þegar þessi hópur fólks þarf, stöðu sinnar vegna, á þjónustu að halda. Þjónustu sem snýr m.a. að atvinnuleit, skólagöngu, endurhæfingu eða annarri meðferð.
Með tilkomu samningsins er þverfaglegt samstarf þeirra sem koma að málefnum aldurshópsins fest í sessi.
Eftirfarandi aðilar standa að samkomulaginu: Vinnumálastofnun Norðurlands eystra, Akureyrarbær (fjölskyldusvið og Ungmennahúsið - Rósenborg), Lögreglustjórinn á Norðurlandi
eystra, Fjölsmiðjan á Akureyri, Sjúkrahúsið á Akureyri (geðdeild og BUG teymið), Heilbrigðisstofnun Norðurlands (Heilsugæslan), Virk, Menntaskólinn á Akureyri, Verkmenntaskólinn á Akureyri, Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, Gröfin geðverndarmiðstöð og Starfsendurhæfing Norðurlands.
Meginmarkmið samstarfsins er að:

- stuðla að bættri almennri þjónustu fyrir ungt fólk á aldrinum 16 – 29 ára
- stuðla að bættri sérhæfðri þjónustu fyrir fólk á aldrinum 16 – 29 ára
- efla þverfaglegt samstarf fagaðila stofnananna til hagsbóta fyrir hópinn

Með þess samstarfi er unnið að þeirri hugmynd að í Rósenborg/Ungmennahúsið verði nokkurskonar þjónustuanddyri fyrir ungt fólk í vanda en þar á bak við, sé heildstætt yfirlit yfir stuðning fyrir ungt fólk. Það má segja frá því hér að Virkið hlaut 1.000.000 kr. styrk frá starfsendurhæfingasjóði Virk til að efla þetta þjónustuanddyri.

Við munum einnig bjóða upp á meira klúbbastarf á miðstigi sem hefur mikið forvarnargildi. Markmiðið er að fækka þeim börnum sem einangrast eða lenda í alvarlegum útistöðum vegna áhættuhegðunar eða lélegrar félagsfærni. Ætlunin er að draga úr brottfalli í þessum aldurshópi sem og að ná til þeirra ungmenna sem eru óvirk. Markmið er að koma þessum hópi í virkni sem sparar okkur fjármuni síðar í kerfinu.

FélAk (Félagsmiðstöðvar Akureyrar) heldur úti viðamiklu starfi fyrir börn og unglinga á Akureyri allt árið.
Sá markhópur sem frístundastarf FÉLAK beinist helst að eru nemendur í 5. – 10. bekk en fyrir þann hóp er margvíslegt starf í boði. Í samráði við námsráðgjafa er sóst eftir því að ná til þeirra barna og unglinga sem ekki teljast félagslega virkir og leitast eftir að efla félagslega hæfni þeirra og þroska. Sveigjanleiki í starfi er ein forsenda þess að geta brugðist við þörfum og oftar en ekki eru búnir til sértækir hópar þegar við á.
Á sumrin leggjast hin hefðbundnu störf FélAk í dvala í kjölfar skólaslita. Þá tekst starfsfólk FélAk á við önnur störf og hafa meðal annars samtarf við vinnuskóla Akureyrarbæjar um fræðslu og sjá einnig um atvinnuátak Akureyrarbæjar.
Markmið vinnuskóla er að gefa ungmennum kost á samspili vinnu, þjálfunar og fræðslu í sumarleyfi sínu og heldur FélAk úti yfirgripsmikilli fræðslu fyrir þá unglinga sem sækja vinnuskólann á sumrin. Í starfsáætlun frístundaráðs 2018 er lagt upp með að skoða kosti og galla þess að færa Vinnuskólann alfarið yfir til Samfélagssviðs frá Umhverfis- og mannvirkjasviði og á ég von á að tillaga þess efnis verði lögð fram á næstu vikum. Frístundaráð hefur einnig lagt til að aldur þeirra sem tilheyra Vinnuskólanum verði hækkaður um eitt ár og því verði atvinnuátak fyrir 18 - 25 ára. Með þessu er verið að taka mið af þeirri vinnu sem er í gangi við innleiðingu Barnasáttmálans og að 17 ára börn fá jafnmikla tíma í vinnu og þau sem yngri eru.

Á Punktinum er fjölbreytt starf í gangi yfir vetrarmánuðina. Þangað sækir fólk á öllum aldri hin ýmsu námskeið sem eru í boði og einnig er góður hópur fólks sem sækir Punktinn daglega og tekur þátt í opnu starfi sem þar er í gangi.
Á Punktinum eru fjölmörg námskeið í boði fyrir börn á miðstigi og hafa þau notið mikilla vinsælda. Öllu þessu starfi sem hér hefur verið minnst á verður haldið áfram á þessu ári og mikilvægt að við sem stýrum bæjarfélaginu sýnum þessu starfi bæði skilning og stuðning.

Vinna við nýja forvarnarstefnu er nú í gangi og er stefnt á að þeirri vinnu verði lokið fyrir sumarið. Vinnan verður unnin í samstarfi við stýrihóp Heilsueflandi samfélags.

Síðast liðið haust var haldinn sameiginlegur fundur Frístundaráðs og Velferðarráðs með fulltrúum lögreglu þar sem farið var yfir verksvið þeirra þriggja sviða sem vinna að forvarnarmálum. Það er mikilvægt að við séum vel upplýst um stöðu mála og göngum í takt í öllu forvarnarstarfi. Með því móti næst bestur árangur.

Í starfsáætlun frístundaráðs 2018 eru nokkur áherslumál tengt forvarnarmálum og má þar m.a. nefna að auka þarf samstarf / samtal um forvarnarstarf við framhaldsskólana. Auka þarf ennfrekar við sérhæft klúbbastarf og við vinnu með ungmennum á vettvangi. Einnig verður unnin ný velferðaráætlun forvarna fyrir árin 2018 - 2020.

Ég vil nota tækifærið hér og þakka öllu starfsfólki sem kemur að þessu frábæra starfi fyrir þeirra vinnu. Það er mikill metnaður lagður í þetta starf og fyrir það ber að þakka.

**Barnasáttmálinn**
Vinna við innleiðingu barnasáttmálans er enn í fullum gangi. Síðasta haust var gengið frá ráðningu á verkefnastjóra í hlutastarf til að leggja meiri kraft í verkefnið. Í desember var haldið stórþing ungmenna í Hofi en þingið var ætlað unglingum á unglingastigi grunnskóla og yngstu tveimur árgöngum framhaldsskóla. Viðfangsefni þingsins var tvíþætt: Annars vegar fræðsla og hins vegar var farið í vinnuhópa þar sem rædd var staða ungmenna í sveitafélaginu og dregin upp mynd af því sem betur má fara en einnig hvað vel er gert.

Yngri börn á leikskólastigi, yngsta stigi og miðstigi grunnskóla unnu svo verkefni sem tengjast barnvænu samfélagi í skólum sínum. Niðurstöður úr allri þessari vinnu verða svo kynntar nú á vormánuðum.

**Jafnréttismál**

Í samningi á milli meirihlutans var samþykkt að innleiða kynjaða fjárhagsáætlunargerð. Það höfum við gert að hluta en þá innleiðingu þarf að klára og þurfum við sífellt að minna stjórnendur okkar á að hafa kynjagleraugun uppi við gerð fjárhagsáætlunar. Einnig held ég að við þurfum að gera betur í því að útvega þeim fleiri verkfæri sem aðstoða þá við að kyngreina þær tölur sem verið er að vinna með hverju sinni.
Eitt að því sem við lögðum til og var það samþykkt í jafnréttisáætlun að koma á svokölluðum þróunarleiðtogum. Þeir hafa það hlutverk að vera málsvarar kynjasamþættingar og í kynjaðari fjárhagsáætlunargerð. Hefur gengið alltaf of hægt að virkja það inn, en í starfsáætlun frístundaráðs 2018 er að koma þessu í verk. Á þessu árið verður farið í að fá jafnlaunavottun.

Metoo umræðan hefur verið til umfjöllunar í frístundaráði og á fundi sínum þann 1. febrúar sl. var samþykkt sérstök bókun þar sem ráðið hvetur ÍSÍ og ÍBA til vinna hratt og örugglega að útfærslum á aðgerðum sem m.a. miða að því að auka fræðslu á meðal þjálfara og forystumanna íþróttahreyfingarinnar. Lýsti frístundaráð því yfir að það væri tilbúið til að koma að þeirri fræðslu.

Í lok þessa árs renna út samningar við nokkur íþróttafélög og samþykkti frístundaráð að það áskilur sér rétt í komandi viðræðum að skilyrða fjárveitingar til þeirra gegn því að félögin setji sér siðareglur, viðbragðsáætlanir og komi á markvissri fræðslu um ofbeldi, kynferðislega áreitni og kynferðisofbeldi. Einnig hvatti frístundaráð ÍBA til að koma á fót óháðu fagráði sem taki á móti ábendingum og kvörtunum iðkenda.

Á síðustu vikum hefur frístundaráð verið með í skoðun að láta gera jafnréttisúttekt á starfi íþrótta- og tómstundafélaga og er fyrirhugað að það verði gert í samstarfi við RHA. Markmið með þeirri úttekt er að meta jafnrétti kynjanna í starfi félaganna með áherslu á iðkun barna og ungmenna.

Það má svo loks segja frá því að frístundaráð hefur samþykkt að veita einni stofnun bæjarins og einum einstaklingi jafnréttisviðurkenningu Akureyrarbæjar og verða þær viðurkenningar afhentar nú við fyrsta hentuga tækifæri.

**Íþróttamál**
Á síðasta ári var farið í stefnumótunarvinnu í íþróttamálum og skilaði það sér í nýrri stefnu Akureyrarbæjar og ÍBA í íþróttamálum til ársins 2022 sem samþykkt var í bæjarstjórn þriðjudaginn 6. febrúar. Stefnan byggir á framtíðarsýn í íþróttamálum Akureyringa þar sem áhersla er lögð á almenningsíþróttir, lýðheilsumál, samvinnu íþróttafélaga, íþróttaaðstöðu, afreksstarf, samspil íþrótta og skóla og íþróttir og ferðaþjónustu.

Á Akureyri er fjölbreytt íþróttastarf. Starfið er borið uppi af frjálsum félagasamtökum sem sýnt hafa í verki að þeim er treystandi til að halda uppi öflugu íþróttastarfi. Auk þess er Akureyrarbær þátttakandi í verkefni Landlæknisembættisins um Heilsueflandi samfélag. Hlutverk íþróttastefnu Akureyrarbæjar og ÍBA er að styðja við og efla þetta góða starf í bæjarfélaginu, jafnt almenningsíþróttir sem og keppnis- og afreksíþróttir. Tilgangurinn er að fjölga tækifærum íbúa og gesta til reglulegrar hreyfingar sem mikilvægrar forvarnar og vinna þar með að auknu heilbrigði í samfélaginu og efla félagsauð þess. Með íþróttastefnu sinni vill Akureyrarbær og ÍBA styrkja og þróa aðstöðu til íþróttaiðkunar, heilsueflingar og stuðla að aukinni fjölbreytni og gæðum. Stefnan leggur

línur um samstarf bæjarfélagsins og íþróttafélaganna í sveitarfélaginu. Hún tekur til hinna fjölmörgu mismunandi hópa sem stunda íþróttir. Hún á að höfða jafnt til allra íbúa óháð aldri, stétt eða stöðu, uppruna, kyni og fötlun. Íþróttastefnan á að vera leiðarljós og aflvaki fyrir bæjaryfirvöld, forystumenn íþróttahreyfingarinnar og aðra íbúa til framfara og góðra verka á sviði íþróttamála og lýðheilsu. Á grundvelli hennar mun frístundaráð og stjórn ÍBA byggja aðgerðaráætlanir sínar til lengri og skemmri tíma.

Akureyrarbær er með rekstrarsamninga v/ mannvirkja við stærstu íþróttafélögin í bænum auk þess sem stuðningur við nánast öll önnur félög er í gegnum samning við ÍBA. Í nóvember á síðasta ári var skrifað undir nýjan samstarfssamning við ÍBA sem tekur á samskiptamálum, styrkveitingum, rekstrarlegum þáttum, framkvæmdamálum auk annarra sameiginlegra hagsmunamála. Markmið samningsins er að efla íþróttastarf á Akureyri og tryggja að það verði blómlegt og kraftmikið öllum bæjarbúum til heilla. Í því felst að skapa sem bestar aðstæður til að reka starfsemi sem tryggir bæjarbúum öflugt íþróttastarf, einkum í barna- og unglingastarfi.
Með samningnum fær ÍBA aukið rekstrarfé til að efla starf sitt og er meðal annars gert ráð fyrir framkvæmdastjóra í fullu starfi. Aðildarfélög ÍBA, sem eru 23, skulu nú sem aldrei fyrr beina öllum erindum sínum til ÍBA sem vinnur málin áfram og vísar ef þurfa þykir til frístundaráðs Akureyrarbæjar. ÍBA ber að fylgja því eftir að aðildarfélögin sinni faglegu starfi í hvívetna í samræmi við íþróttanámskrá ÍBA, barna- og unglingastefnu ÍSÍ og íþróttastefnu Akureyrarbæjar og ÍBA.
Ég vil hér lýsa yfir mikilli ánægju með þennan nýja samning við ÍBA og nýja íþróttastefnu og bind miklar vonir við að starf okkar hér í bæ verði til fyrirmyndar á landsvísu.

Uppbygging íþróttamannvirkja hefur verið mikil á Akureyri í gegnum árin. Framkvæmdir við sundlaugarsvæðið er nú á lokametrum og þegar þeim framkvæmdum verður lokið held ég að það sé hægt að fullyrða að svæðið verður eitt það flottasta á landinu. Þegar ég ræddi um þessa framkvæmd hér fyrir ári síðan þá talaði ég um að þessar framkvæmdir myndu skila sér í aukinni aðsókn að sundlauginni bæði heimamanna sem og ferðamanna. Árið 2014 komu 370.000 gestir sem hefur verið það fjölmennasta og 365.300 gestir komu árið 2016. Á síðasta ári voru gestir rétt tæplega 389.000 sem er fjölgun um 5% m.v. 2014 og 6,5% frá árinu 2016. Þetta eru ánægjuleg tíðindi.
Uppbyggingu á aðstöðu Nökkva, félagi siglingamanna er í gangi og ný stólalyfta verður sett upp í Hlíðarfjalli fyrir næsta vetur.
Nú er einnig í skoðun hvort og eða með hvaða hætti verður hægt að auka við heilsársstarfsemi í Hlíðarfjalli og hvort hagkvæmt verði að úthýsa þeirri starfsemi. Von er á skýrslu um það verkefni nú í þessum mánuði og verður spennandi að sjá hvað kemur út úr þeirri vinnu. Möguleikarnir eru allavega margir og ljóst að Hlíðarfjall hefur marga möguleika til að verða heilsárs útivistarparadís.

Frekari uppbygging íþróttamannvirkja er fyrirhuguð á komandi árum. Klára þarf uppbyggingu á svæði bílaklúbbsins. Íþróttafélögin KA og ÞÓR eru bæði með stórtækar hugmyndir varðandi uppbyggingu á sínum svæðum og það er eitthvað sem þarf að skoða í samstarfi við okkur. Í starfsáætlun frístundaráðs 2018 er gert ráð fyrir að fara í vinnu við að kostnaðargreina uppbyggingu á 50 m innisundlaug og er sú vinna komin í gang. Rétt er að ítreka að ekki liggur fyrir nein ákvörðun um að fara í þá framkvæmd. Fyrst er að skoða hvað slíkt mannvirki muni kosta og eins hvar það á að vera staðsett. Það er líka ágætt að það komi fram hér að í nýsamþykktri íþróttastefnu er talað um að uppbygging íþróttamannvirkja sé gerð í sátt og samlyndi við íþróttahreyfinguna og best er ef íþróttahreyfingin sjálf geti komið sér saman um forgangsröðun í slíkri uppbyggingu.

Auk þessara atriða sem hér hafa verið nefnd eru ýmsar umfangsminni framkvæmdir inn á starfsáætlun frístundaráðs eins og að endurnýja gólf í íþróttasal Íþróttamiðstöðvar Glerárskóla, kaupa nýtt fjaðurgólf í Íþróttamiðstöð Giljaskóla. Koma upp hreystivelli við skólalóðir í samstarfi við

fræðslusvið og sömuleiðis hefja uppbyggingu á körfuknattleiksvöllum á skólalóðum. Koma upp aðstöðu fyrir hjóla- og brettaiðkendur og auka samstarf við jaðaríþróttafélög ungmenna.

Akureyrarbær er þátttakandi í verkefni Embætti landlæknis um Heilsueflandi samfélög. Heilsueflandi samfélag miðar að því að þróa samfélagslegan ramma utan um markvissa og heildræna heilsueflingu allra aldurshópa. Í þeim tilgangi eru lagðir til grundvallar fjórir áhrifaþættir heilbrigðis sem unnið er með, þ.e. næring, hreyfing, geðrækt og lífsgæði.
Síðan Akureyrarbær varð þátttakandi í verkefninu er í fyrsta skipti á þessu ári sem fjármagn er sett sérstaklega í þetta verkefni, 1.000.000 kr. Frístundaráð hefur samþykkt að stofna starfshóp til að vinna verkefninu frekari framgang og mun sú vinna fara af stað í þessum mánuði. Frístundaráð og starfshópurinn munu halda utan um vinnu við þetta verkefni og móta frekari línur í áframhaldandi vinnu við það að efla samfélagið á Akureyri út frá heilsusjónarmiðum.
Til gamans má segja frá því að nú í þrjú ár sem lið í þessu verkefni hefur Akureyrarbær boðið grunn- og framhaldsskólanemendum frítt í sund og í fjallið einn dag þegar vetrarfríi eru í skólunum.

Hér er búið að stikla á stóru um starfsemi frístundaráðs. Í starfsáætlun ráðsins eru fjölmörg verkefni og ekki hafa þau öll fengið umfjöllun hér ofar en þó er vert að segja frá nokkrum þeirra hér;

- Gert er ráð fyrir ráðningu á starfsmanni fyrir samfélagssvið sem sinnir m.a. verkefnum þvert á deildir. Búið er að ganga frá þeirri ráðningu og mun sá starfsmaður hefja störf núna 15. mars nk.
- Samþykkt var að hækka frístundaávísun í 30.000 kr. Frekari hækkun á henni er fyrirhuguð í 3ja ára áætlun.
- Gert er ráð fyrir að auka nýtingu á íþróttahúsi Naustaskóla
- Fyrirhugað er að koma á samstarfi við framhaldsskólana v/ afreksíþróttasviðs skólanna og koma á samstarfi við Háskóla Akureyrar v/ nýtingu íþróttamannvirkja.

Hér fyrir ofan er stiklað á stóru. Mikið að flottu starfi sem vinnst undir Frístundaráði.